

Fréttabréf Garðasels

Mars 2021



LUBBI og Læsi áfram

Í mars verður áfram unnið með Læsi á fjölbreyttan hátt á deildum. Verkefni taka mið af aldri og þroska barnanna sem deildir skipuleggja hver fyrir sig.

Áfram eru foreldrar hvattir til að lesa heima með og fyrir börnin og leika sér með orð og texta, spyrja spurninga og draga ályktanir / hvað heldur þú? Þannig læra börnin best í kjöraðstæðum með foreldrum sínum eða eldri systkinum.

Vorskólinn 2021

Vorskólinn í Grundaskóla verður 2. -5. mars fyrir hádegi og þangað fara þau börn sem munu innritast í skólann næsta skólaár.

Vorskólinn í Brekkubæjarskóla er svo 23. -25. mars fyrir hádegi og þangað fara þau börn sem munu innritast í skólann næsta skólaár.

Börnin taka með sér hollt nesti að heiman og fá mjólk í skólanum. Mikilvægt er að börnin mæti tímanlega í leikskólann til að hópurnir geti mætt á réttum tíma í Vorskólann.



Foreldrasamtöl á öllum deildum

Foreldraviðtöl deilda verða vikurnar 6. – 19. apríl n.k.

Foreldrasamtöl vorannar eru skipulögð vikurnar 6. -19. apríl og lögð áhersla á að allir foreldrar geti mætt.



Á haustönn gerði COVID það að verkum að skipuleggja þurfti þessi mikilvægu samtöl upp á nýtt og flestir fengu símaviðtal eða TEAMS. Í könnun sem gerð var eftir þessi samtöl kom í ljós að foreldrar hafa þörf fyrir að hitta kennara barna sinna í raunheimi en nokkrir völdu að fá samtöl í gegnum síma eða TEAMS. Skólinn þarf að skoða frekar skipulag foreldrasamtala og með hvaða hætti þeim verður best

fyrir komið út frá óskum foreldra og rýmis í skólanum.

Könnun vegna tímabils sumarslokunar 2020

Um miðjan febrúar fengu foreldrar stutta rafræna könnun senda í tölvupósti en þar var leitað eftir hentugustu tímasetningu á 4 vikna sumarlokun leikskólans sem Skóla- og frístundaráð hefur samþykkt að verði sumarið 2021.02.25.

Könnunin verður opin fram til 12. mars og þegar hafa 50 foreldra svarað.



Valmöguleikar um sumarlokun eru háðir forsendum starfseminnar að hluta

- Sumarlokun framar í júní þýðir að elstu börnin koma þá aftur eftir sumarlokun og verða fram að skólabyrjun grunnskóla um 20. ágúst
- Aðlögun yngstu barnanna dregst verulega ef elstu börnin eru í leikskólanum fram að skólabyrjun og þá lenda foreldrar yngstu barna í verulegum erfiðleikum þar sem börnin eru hætt hjá dagforeldrum
- Sumarlokun lengra inn í júlí og ágúst þýðir líka að yngri börnin komast seinna í aðlögun

Útikennsla í skógræktinni

Á þriðjudögum og fimmtudögum fyrir hádegi fara hópar á Holti og Vík í skógræktina í útikennslu með kennurum sínum. Þar una þau sér í fallettri náttúru við skemmtileg og fjölbreytt viðfangsefni og geta þegar hlýnar í veðri verið lengur og jafnvel borðað þar.



Kaffihús á Skála

Fimmtudaginn 25. mars verður kaffihús á Skála fyrir börn og starfsfólk í síðdegishressingunni. Víkarar undirbúa kaffihúsið með ýmsum hætti og bjóða svo öðrum börnum og starfsfólki deilda að koma og njóta.



Breytingar í starfsmannahópnum



Í febrúar komu tveir nýir starfsmenn inn í hópinn í Garðaseli en það eru Ásta María Búadóttir og Ingunn Helga Karlsdóttir. Ásta María leysir af á Holti og Vík og Ingunn Helga á Holti og Lóni.

Framundan er mikil "áxöxtun" í starfsmannahópnum þar sem fjórir starfsmenn eiga von á börnum og munu hverfa af vettvangi í fæðingarorlof til lengri og skemmri tíma. Hvernig brotthvarf þessara starfsmanna verður leyst kemur í ljós síðar.

Þegar er farið að huga að sumarafleysingum og þar eru góðir og færir starfsmenn sem hafa áhuga á að koma til okkar.

Vinátta og góðir félagar

Eitt af gildum Vináttuverkefnisins er **Umhyggja** og skilgreinist þannig að við skulum sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpsemi. Þannig tryggjum við að öllum börnum líði vel og þeim finnist þau tilheyra hópnum á sama grundvelli og vinir þeirra og félagar. Það er okkar, hinna fullorðnu, að kenna börnunum þessi gildi í leik og starfi og gera þau þannig að góðum félögum og vinum.

Foreldrar – höfum þetta með okkur þegar verið er að bjóða börnum heim, hvort sem er í afmæli eða leik. Það sem gerist fyrir utan leikskólann hefur áhrif í barnahópnum, börnin tala saman um það sem er framundan eða þau hafa þegar gert saman.

